

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi íþróttasvæðis Þórs á Akureyri.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 24. september 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði Þórs.

Breytingin felur í sér að bætt er við 9 x 9 metra byggingarreit fyrir sjoppu við nýja gervigrasvöllinn.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var ekki talin þörf á grenndarkynningu skv. 44. gr. sömu laga og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Kjarnalundar.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 24. september 2025 breytingu á deiliskipulagi Kjarnalundar.

Breytingin felur í sér stækkun á núverandi byggingarreit við norðausturhorn byggingarinnar um 4,5 metra til austurs og 1 metra til norðurs.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var ekki talin þörf á grenndarkynningu skv. 44. gr. sömu laga og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 24. september 2025.

F.h. Akureyrarbæjar,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B deild - Útgáfudagur: 8. október 2025